

# Flugvirktaráætlun Íslands 2020

19.5.2020

## **Inngangur:**

### **Flugvirkt**

Um flugvirkt er fjallað í viðauka 9 við Chicago samninginn um almenningsflug og er enska heitið „facilitation“. Áhersla er á að hlutverk og starfsemi opinberra- sem og einkaaðila stuðli að greiðum flugsamgöngum á alþjóðaflugvelli en þó innan þess ramma sem lög og reglur um útlendinga, vegabréf, tollamál, farsóttir, vá og loftferðir setja.

### **Tilgangur flugvirkarráðs og flugvirkjaráætlunar Íslands**

Í reglugerð nr. 1025/2012, gr. 7, kafla II, segir:

„Hlutverk ráðsins er m.a.: að samhæfa og samræma starfsemi þeirra opinberu aðila og annarra sem koma að afgreiðslu eða þjónustu við loftför, farþega, farangur og farm á flugvöllum til þess að einfalda formsatriði og greiða fyrir flutningi og afgreiðslu þeirra þannig að flutningur geti gengið snurðulaust fyrir sig.

Ráðið skal leitast við að leysa úr ágreiningi milli opinberra aðila er varða úrlausnatriði sem hefur áhrif á rekstur alþjóðlegs almenningsflugs. Ráðið skal samræma innleiðingu og breytingar á reglum sem varða flugvirkt eins og kostur er og eiga um það samráð við hagsmunaaðila.

Þá skal ráðið hafa umsjón með og ber ábyrgð á að gerð verði sérstök áætlun um framkvæmd flugvirkjar sem miði að því að bæta úr og fullnægja kröfum sem samræmast skuldbindingum ríkisins sem af viðauka 9 leiðir eins og þær eru á hverjum tíma. Tillögur ráðsins sem leiða til aukins kostnaðar fyrir rekstraraðila flugvalla og aukinnar gjaldtöku af flugrekstraraðilum skulu teknar til umfjöllunar hjá notendanefnd flugvallar áður en þær eru endanlega afgreiddar.

Ráðið getur fjallað um einstök mál sem ráðherra beinir til þess er varða flugvirkt“.

Flugvirkjarráð er skipað fulltrúum opinberra aðila sem eiga að gæta almannaheilla um leið og þeir veita mikilvæga þjónustu við farþega og rekstraraðila á alþjóðaflugvelli. Þar sem þeir sem þjónustunnar njóta eiga ekki sæti í flugvirkjarráði er mikilvægt að ráðið móti stefnu hvernig heppilegast er að hafa samráð við þá hagsmunaaðila.

### **Kostir þess að hafa flugvirkjaráætlun**

Með stofnun flugvirkjarráðs hefur skapast samráðsvettvangur aðila sem eiga það sameiginlegt að koma að afgreiðslu eða þjónustu við loftför, farþega, farangur og farm á alþjóðaflugvöllum. Mikilvægt er að nýta þennan samráðsvettvang sem best til þekkingarmiðlunar og samstarfs. Formlegur afrakstur samstarfsins er m.a. flugvirkjaráætlun Íslands þar sem fram koma áherslur í flugvirkt hverju sinni oftast í formi úrbótaverkefna sem stuðla að greiðari flugsamgöngum og betri þjónustu.

## Kafli I – Tilgangur og markmið flugvirkjaráætlunar Íslands

Að til sé áætlun fyrir flugvirkjartengd málefni sem grípa má til þegar leysa þarf úr verkefnum og vandmálum er tengjast greiðri för, afgreiðslu eða þjónustu við loftför, farþega, farangur og farm.

Að til sé vettvangur aðila sem kalla má saman og geti stuðlað að framgangi og úrlausn verkefna sem skilgreind hafa verið innan flugvirkjaráætlunar.

Að tryggja skilning á hlutverki þeirra sem hafa bein áhrif á flugvirkt og tryggja yfirlit yfir þau lög og megin reglugerðir sem varða flugvirkt.

Markmið flugvirkjaráætlunar er að samræma og samhæfa nauðsynlegar ráðstafanir sem tryggja lágmörkun þess tíma, óþæginda og miðlun upplýsinga vegna flugfarþega og varnings við komu og brottför á alþjóðaflugvelli sem miða að því að auka skilvirkni og afköst á flugvelli.

## Kafli II - Lagarammi

Ísland hefur með undirritun samþykktar um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation) í desember 1944, er tók gildi fyrir Ísland í apríl 1947, skuldbundið sig til að fylgja viðaukunum nítján er gerðir hafa verið við samþykktina. Þar með talið viðauka 9, um flugvirkt.

Helstu íslensk lög og reglugerðir er tengjast flugvirkt:

Varðandi flugvirkt	Lög um loftferðir nr. 60/1998 Reglugerð um flugvirkt nr. 1025/2012
Varðandi almenna stjórnarsýslu	Stjórnarsýslulög nr. 37/1993
Varðandi loftferðir	Lög um loftferðir nr. 60/1998 Reglugerð um notendanefnd nr. 947/2010 Reglugerð um aðgang að flugafgreiðslu á flugvöllum nr. 370/2018 Reglugerð nr. 75/2016 um flugvelli Reglugerð nr. 750/2016 um flugvernd Reglugerð nr. 48/2012 um flugrekstur Reglugerð um leit og björgun nr. 71/2011 Reglugerð um úthlutun afgreiðslutíma flugvalla nr. 858/2014
Varðandi málefni útlendinga og landamæraeftirlit	Lög um útlendinga nr. 80/2016 Reglugerð um útlendinga 540/2017 Lög um vegabréf 136/1998 Reglugerð um vegabréf nr. 560/2009 Reglugerð um vegabréfsáritanir nr. 1160/2010 Reglugerð um för yfir landamæri 866/2017
Varðandi tollamálefni	Tollalög nr. 88/2005 Reglugerð um vörslu og tollmeðferð vöru nr. 1100/2006 Reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi

Varðandi sóttvarnir/lýðheilsu	Alþjóða heilbrigðisreglugerðin 2005 , sjá 13. og 14. gr. sóttvarnarlaga Lög um sóttvarnir nr. 19/1997 Reglugerð nr. 817/2012 um sóttvarnaráðstafanir
Varðandi landbúnaðarmálefni, innflutning dýra og matvæla	Lög um útflutning hrossa nr. 27/2011 Lög um innflutning dýra nr. 54/1990 Lög um matvæli nr. 93/1995 Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 Lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum nr. 51/1981 Lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994 Lög um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996 Lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða nr. 55/1998 Lög um varnir gegn fisksjúkdómum nr. 60/2006 Lög um fiskeldi nr. 71/2008
Varðandi málefni farþega	Reglugerð nr. 1048/2012, EB 261/2004 Reglugerð um flutning fatlaðra farþega nr. 475/2008, EB 1107/2006
Varðandi almannavarnir	Lög um almannavarnir nr. 82/2008 Reglugerð um efni og gerð viðbragðsáætlana nr. 323/2010

## Leiðbeiningarefni

Víða í reglugerð um flugvirkt nr. 1025/2012 er vísað til krafna og leiðbeiningarefnis í viðauka 9 við Chicago-samninginn. Einnig er vísað í leiðbeinandi efni útgefið af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO). Leiðbeiningarefnið skiptis í megin atriðum í tvennt. Í fyrsta lagi hefur það að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja þeim kröfum sem í reglugerðinni er lýst. Fylgja skal þessu leiðbeiningarefni til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar eftir því sem við á. Í öðru lagi er um að ræða almennt skýringa og leiðbeiningarefni til frekari uppfyllingar. Þegar vísað er til tölusettra viðauka í reglugerð um flugvirkt er átt við viðauka við Chicago-samninginn.

Helsta leiðbeiningarefni sem stuðst er við og vísað til um framkvæmd flugvirkar er eftirfarandi:

Viðauki 17 – Um flugvernd og reglugerð um flugvernd nr. 750/2016. M.a um þær skorður sem flugvernd setur flugvirkt á flugvöllum.

Viðauki 14 – Flugvellir. M.a. um gerð viðbragðsáætlana fyrir flugvelli, vegna bráðra ógnana við lýðheilsuna sem varða þjóðir heims.

Viðauki 11 – Flugumferðarþjónusta. M.a. leiðbeiningar um gerð viðbragðsáætlana fyrir flugumferðarþjónustu vegna bráðra ógnana við lýðheilsuna sem varða þjóðir heims og leiðbeiningar vegna beitingar aðgerða til að tryggja öryggi hjálparflugs.

Viðauki 6 – Starfræksla loftfara. Um örugga starfrækslu þeirra m.a. um farm og hleðslu loftfara, öryggi farþega, öryggisbúnað og sjúkragögn „um borð“.

Viðauki 18 – Flutningur hættulegs farms svo og tæknilegar leiðbeiningar þar um. (ICAO Technical Instructions for the Safe Transport of Dangerous Goods by Air, Doc 9284).

Staðlar fyrir rafræna greiningu ferðaskilríkja (ICAO Specifications for machine readable travel documents, Doc 9303).

Stefnuyfirlýsing Evrópusambands flugmálastjórna um flugvirkt (European Civil Aviation Conference ECAC, Policy Statement in the Field of Civil Aviation Facilitation, Doc 30).

Doc 9249 Dynamic Flight-Related Public Information Displays

Alþjóða heilbrigðisreglugerðin (International Health Regulation). Reglugerð sem samþykkt hefur verið af þingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (World Health Organization) í samræmi við stofnskrá hennar og innleidd af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi.

## Kafli III – Skipulag og stjórnun á flugvirktaráætlun Íslands

### Flugvirktaráð Íslands

Ráðherra skipar flugvirktarráð til þriggja ára í senn sbr. ákvæði 57. gr. e í lögum um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og 8. gr. reglugerðar um flugvirkt nr. 1025/2012. Með bréfi dagsettu 16. desember 2019 skipaði samgöngu-og sveitarstjórnarráðherra flugvirktarráð. Listi yfir félagi flugvirktarráðs uppfærast sjálfkrafa þegar breytingar verða þar á án sérstakrar samþykktar ráðsins.

Í flugvirktarráði sitja sbr. bréf ráðuneytisins:

Friðfinnur Skaftason, sérfræðingur, formaður tilnefndur af innanríkisráðherra,  
Halla Sigrún Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri, varaformaður, tilnefnd af samgönguráðherra (?),  
Þorvaldur Hlíðar Þórðarson, tilnefndur af Matvælastofnun,  
Sólveig Þorsteinsdóttir, tilnefnd af Isavia ohf.  
Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, tilnefndur af Embætti landlæknis,  
Alda Karen Svavarsdóttir, tilnefnd af Útlendingastofnun,  
Guðrún Sólveig Ríkharðsdóttir Owen, tilnefnd af Tollstjóra Íslands,  
Jón F. Bjartmarz, tilnefndur af Embætti ríkislögreglustjóra  
Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri, tilnefndur af Lögreglustjóranum á Suðurnesjum,  
Júlía Þorvaldsdóttir, tilnefnd af Þjóðskrá Íslands.

### Erindisbréf

Í reglugerð um flugvirkt nr. 1025/2012, 9. gr. segir:

„Formaður flugvirktarráðs ber ábyrgð á og fer með yfirstjórn á starfsemi ráðsins, boðar til funda og undirbýr dagskrá. Boðað skal til funda með skriflegum hætti eða með tölvupósti á

tölvupóstfang sem nefndarmenn tiltaka. Fundi skal boða með sjö sólarhringa fyrirvara, en þó aldrei skemur en með tveggja sólarhringa fyrirvara. Dagskrá fundar skal fylgja fundarboði. Fund í flugvirkarráði skal halda eftir þörfum eða ef fleiri en einn nefndarmanna óska þess, en eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Ef ósk berst frá nefndarmönnum um fund skal boðað til hans innan viku frá því að ósk berst.

Halda skal fundargerð um það sem gerist á fundum flugvirkarráðs og skal hún send til nefndarmanna innan viku frá fundi til staðfestingar. Í fundargerð skal bóka hvaða nefndarmenn eru mættir, hvað sé á dagskrá fundarins og hvaða málefni voru rædd og afgreidd á fundinum. Nefndarmenn eiga rétt á því að leggja fram stutta skriflega lýsingu á afstöðu sinni og fá bókaða í fundargerð.

Fundarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi ráðsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Ráðið setur sér nánari reglur um starfsemina“.

Ráðið hefur fallist á að Samgöngustofa haldi utan um öll formleg gögn er varða starfsemi ráðsins svo og leggur Samgöngustofa til ritara ráðsins. Fulltrúar geta sent staðgengla fyrir sig á fundi ráðsins.

Verkefni sem skilgreind eru í áætlun skulu hafa ábyrgðarmann / verkefnisstjóra og tiltekið skal hverjir koma að einstökum verkefnum en engin krafa er um að fullskipað flugvirkarráð komi að öllum verkefnum.

### **Verkefna- og vinnuáætlun.**

Flugvirkarráð hittist a.m.k. einu sinni á ári, oftast ef þörf krefur.

Á fyrsta fundi hvers árs skal ráðið fara yfir flugvirkaráætlun ársins á undan svo og á rétta þátttöku aðila, hlutverk og markmið. Fulltrúar ráðsins skulu á þeim fundi tiltaka hvaða verkefni þeir telja að eigi heima á flugvirkaráætlun komandi árs. Flugvirkaráætlun er samþykkt í upphafi árs.

Eftirfarandi eru flugvirkjarverkefni í flugvirkjaráætlun ársins 2020

Verkefni	Ábyrgðaraðili	Tímamörk	Athugasemdir
Flugvirkjaráætlun Íslands 2021	Samgöngustofa	Drög, des. 2020	Verkefnalisti rýndur sérstaklega
Innleiðing krafna frá ICAO			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Amendment 24</li> </ul>	Ríkislögreglustjóri; Lögreglan á Suðurnesjum; Þjóðskrá og Útlendingastofnun; Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti; Dómsmálaráðuneyti	1.5.2020	Samgöngustofa tilkynnir frávik til ICAO ef með þarf
	Minni hópur til úrvinnslu: Fulltrúar frá: Ríkislögreglustjóri, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Samgöngustofu, Lögreglunni á Suðurnesjum og Tollstjóra.		<b>Breyting snýr að:</b> Flutningi fatlaðra farþega; útgáfu og eftirliti með ferðaskilríkjum; notkun farþegaupplýsinga (Advance Passenger Information API); Farþegaskrá (Passenger Name Record (PNR) gagnakerfum; og verklagsreglum vegna brottflutnings „inadmissible“ farþega og „deportees“.
<ul style="list-style-type: none"> <li>Amendment 25</li> </ul>	Ríkislögreglustjóri, Tollstjóri, Lögreglan á Suðurnesjum, Þjóðskrá, Útlendingastofnun, Samgöngustofa; Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	1.5.2020	Samgöngustofa tilkynnir frávik til ICAO ef með þarf
	Minni hópur til úrvinnslu: Fulltrúar frá: Ríkislögreglustjórinn, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Samgöngustofu, Lögreglunni á Suðurnesjum og Þjóðskrá.		<b>Breyting snýr að:</b> Aðstoð ríkja við fórnarlömb flugslysa og fjölskyldur þeirra; Vélrænt lesanleg ferðaskilríki (MRTDs); farmflutningi og gagnagrunni INTERPOL varðandi stolin og týnd ferðaskilríki

<ul style="list-style-type: none"> <li>Amendment 26</li> </ul>	Ríkislögreglustjóri, Tollstjóri, Lögreglan á Suðurnesjum, Þjóðskrá, Útlendingastofnun, Samgöngustofa; Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti; Isavia; Dómsmálaráðuneyti	1.5.2020	Samgöngustofa tilkynnir frávik til ICAO ef með þarf
	Minni hópur til úrvinnslu: Fulltrúar frá: Ríkislögreglustjóri, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Samgöngustofu, Lögreglunni á Suðurnesjum, Tollstjóra og Þjóðskrá.		<b>Breyting snýr að:</b> Vélrænt lesanleg ferðaskilríki (MRTDs); Flutningi barna og unglunga (minors); Farþegaskrá; ABC farþegahliða; Gagnakerfa sem halda utan um farþegaskrár (Passenger Name Record (PNR) gagnakerfum
Uppfærsla á TOC skjali/Compliance checklist	Samgöngustofa	01.05.2020	Uppfæra lista og senda útfærðan lista til ICAO
Flugvirkt í neyðartilfellum	Isavia	01.05.2020	Isavia skilgreini tegund atvika, greina ef þarf ólíkt viðbragð. Þ.á.m. vegna dýra.
Samráð við hagsmunaaðila	Samgöngustofa; Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið	01.05.2020	Hugur flugrekenda kannaður og tillaga gerð.
Skyldur Íslands varðandi viðbrögð og aðstoð komi fram í viðeigandi áætlun	Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið, Samgöngustofa, Isavia, Sóttvarnarlæknir; Ríkislögreglustjóri/Almannavarnir	Drög 01.05.2020	Lista upp viðbragðsáætlanir og hvernig gert er grein fyrir skildum Íslands í þeim.
Innleiðingu á reglugerð nr. 1248/2014	Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið, Samgöngustofa, Rannsóknarnefnd samgönguslysa og Ríkislögreglustjóri Skipa minni hóp til úrvinnslu.	01.10.2020	Kanna innleiðingu á EU Nr. 996/2010 með reglugerð nr. 1248/2014 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi. Þ.á.m. neyðaráætlun á landsvísu.
Flugöryggisáætlun Íslands, kafli er varðar skyldur ríkisins við fórnarlömb flugslysa og aðstandendur þeirra.	Samgöngustofa	Drög tilbúin í maí 2020	Tilmæli/skyldur frá ICAO þingi 2016.



Skýrslugjöf um "Global entry"	Isavia	Í vinnslu	
Skírteini flugliða „Crew member certificates“	Samgöngustofa; Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið	Drög í des. 2020	
Yfirferð frávika úttektar ICAO USAP í flugvirkt (og flugvernd) 2011	Samgöngustofa	Maí 2020	
Innleiðing á reglugerð (EB) nr. 2017/2226	Dómsmálaráðuneytið, samgönguráðuneytið, ríkislögreglustjóri, lögregluembættin, Isavia Flytjendur	Árslok 2020	Breytingin snýr að innleiðingu á að reikna sjálfvirkt út tímalengd dvalar útlendings á Schengen-svæðinu
Innleiðing á reglugerð (EB) nr. 2018/1240	Dómsmálaráðuneytið, samgönguráðuneytið ríkislögreglustjóri, lögregluembættin, Isavia Flytjendur	Árslok 2020	Breytingin snýr að innleiðingu á upplýsingakerfi um forskráningu og heimild til ferðar inn á Schengen-svæðið Kerfið felur í sér forskoðun ferðamanna sem fer fram áður en þeir koma á ytri landamæri Schengen svæðisins

## Nefnd um flugvirkt á flugvöllum

Væntanlega er ekki þörf á slíkum nefndum á einstökum millilandaflugvöllum nema hugsanlega í Keflavík. Meðan annað er ekki ákveðið gegnir Flugvirkarráð hlutverki nefndarinnar gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni.

## Kafla IV – skilgreining ábyrgðar/hlutverkaskipti

**Hlutverk hvers og eins** sem á aðild að flugvirkarráði er að stuðla að flugvirkt eins og fram kemur í reglugerðinni um leið og lögum og reglugerðum sem viðkomandi hefur forsjá með er fylgt. Sérstök áhersla allra er að það sé samræmi í afgreiðsluhraða aðila á flugvöllum. Markmið er að afgreiðsluhraði sé hinn sami og hann var á undanförunum þremur árum.

**Hlutverk allra** að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja lágmarkun þess tíma sem nauðsynlegur er fyrir landamærastjórn að lágmarks óþægindi hljótist af beitingu stjórnsýslu- og eftirlitskrafa,

hraða miðlun viðeigandi upplýsinga milli yfirvalda, rekstraraðila flugvallar, flugrekanda og þjónustuaðila á flugvelli, án þess að dregið sé úr öryggiskröfum eða gengið á svig við lög og reglur. Jafnframt skuli þeir beita aðferðum áhættustjórnunar við eftirlit vegna landamærastjórnar er lýtur að afhendingu og afgreiðslu vara og þróa rafrænar aðferðir og upplýsingatækni til að auka skilvirkni og afköst á flugvöllum.

### Hlutverk samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í flugvirkarmálum:

**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið** skal sjá til þess að flugvirkarráð sé virkt með skipan þess svo og tryggja formanni og varaformanni eðlileg vinnuskilyrði.

Ráðuneytið hefur hins vegar falið Samgöngustofu framkvæmd flugvirkar sbr. reglugerð nr.1025/2012 og þar með samskipti við Alþjóðaflugmálastofnunarinnar vegna hennar.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík	Formaður: Friðfinnur Skaftason
--	-----------------------------------

### Hlutverk Samgöngustofu í flugvirkarmálum:

Samgöngustofa annast almenna stjórnáslu vegna flugvirkar t.d. samskipti við ICAO og samtök flugrekanda auk þess leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt loftferðalögum m.a. varðandi rekstur flugleiðsögubjónustu, rekstur flugvalla, flugvernd, flugrekendur og rekstur viðhaldsstöðva. Samgöngustofa heldur utan um flugvirkaráætlun Íslands.

Samgöngustofa á fulltrúa í ráðinu og leggur einnig til ritara.

Samgöngustofa Ármúla 2 108 Reykjavík	Varaformaður og tengiliður 1: Halla S. Sigurðardóttir framkvæmdastjóri samhæfingarsviðs Tengiliður 2: Ómar Sveinsson fagstjóri neytendamála
--	---

### Ábyrðaraðili flugverndar:

Samgöngustofa fer með stjórnásluhlutverk í flugvernd skv. kafla X í lögum um loftferðir nr. 60/1998

Samgöngustofa Ármúla 2 108 Reykjavík	Tengiliður: Guðjón Atlason framkvæmdastjóri mannvirkja- og leiðsögusviðs.
--	---

### Tollayfirvöld

Hlutverk tollstjóra skv. 40. gr. tollalaga er:

- a) Að annast tollaframkvæmd á landsvísu.
- b) Álagning og innheimta tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu vöru samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum.
- c) Eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu.
- d) Aðstoð við [ráðherra]<sup>3)</sup> varðandi tollamálefni.
- e) Að vinna að framþróun, hagræðingu og einföldun tollframkvæmdar, skilvirkri og árangursríkri tollstarfsemi og sem bestri þjónustu tollgæslunnar. Hann skal stuðla að því að tollframkvæmdin verði sem hagfelldust fyrir atvinnulífið, almenning og samfélagið og hafa samstarf við atvinnulífið um málefni sem varða hagsmuni þess og greiða fyrir löglegum viðskiptum og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja, eftir því sem við getur átt og að teknu tilliti til fjárhagslegra og lagalegra forsendna og öryggissjónarmiða.
- f) Samstarf við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði hans, sbr. 45. gr.
- g) Rekstur tölvukerfis og þróun rafrænna samskipta vegna tollafgreiðslu.
- h) Greiningarstarf vegna áhættustjórnunar við tolleftirlit.
- i) Starfræksla Tollskóla ríkisins sem sér um menntun tollstarfsmanna og annarra eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða reglugerðum.
- j) Öflun upplýsinga til hagskýrslugerðar um milliríkjavíðskipti.
- k) Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi tollyfirvalda.
- l) Gerð verklagsreglna varðandi tollframkvæmd.
- m) Gerð leiðbeininga um tollamálefni fyrir almenning og fyrirtæki.
- n) Ákvörðun um form og efni tollskjala og eyðublaða til nota við tollframkvæmd.
- o) Önnur verkefni sem honum eru falin með lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Tollstjóri Íslands	Tengiliður Guðrún Sólveig Ríkharðsdóttir Owen
--------------------	--

## Útlendingastofnun

Útlendingastofnun annast framkvæmd laga nr. 80/2016 um útlendinga ásamt lögreglu og fleiri stjórnvöldum. Stofnunin hefur heimild til að veita undanþágu frá lagaskilyrðum um gildi vegabréfa og ferðaskilríkja við komu og er æðra stjórnvald gagnvart lögreglu þegar kemur að synjun þeirra á útgáfu vegabréfsáritunar á landamærum. Við framkvæmd laganna er höfð samvinna við embætti ríkislögreglustjóra og lögregluembætti sem sinna landamæraeftirliti. Samvinnan snýr m.a. að ferðaskilríkjum og gildi þeirra, vegabréfaskyldu og eftirliti með farþegum.

Útlendingastofnun	Tengiliður: Alda Karen Svavarsdóttir
-------------------	---

## Hlutverk embættis ríkislögreglustjóra

RLS hefur yfirumsjón við gerð og útgáfu viðbragðsáætlna vegna flugverndar og flugslysa auk þess að vera þátttakandi í gerð annarra áætlna s.s. rýmingaráætlna og almannavarnaráætlna. RLS

framkvæmir áhættumat vegna flugverndar gagnvart flugvöllum, flugvélum og flugrekstri. Á grundvelli áhættumats er vástig skilgreint. RLS tekur ákvörðun um breytingar á vástigi vegna flugverndar. RLS ber að tryggja heilstæða og samræmda nálgun í landamæramálefnum og innleiða breytt verklag við framkvæmd landamæraeftirlits í kjölfar breytinga á löggjöf og vegna innleiðingar á nýjum upplýsingakerfum. Þá framkvæmir RLS bakgrunnskoðanir og veitir stuðning við flugvernd.

Embætti ríkislögreglustjóra	Tengiliður 1: Jón F. Bjartmarz
-----------------------------	-----------------------------------

### Hlutverk lögreglu

Hlutverk lögreglu er að gera og viðhalda viðbragðsáætlunum vegna flugverndar og flugslysa auk þess að vera þátttakandi í gerð annarra áætlana s.s. rýmingaráætlana og almannavarnaráætlana með þátttöku sinni í almannavarnarnefnd. Lögreglan tryggir skilvirka landamæravörslu sem felur í sér gott farþegaflæði án þess að slakað sé að kröfum um öryggi eftirlitsins. Þá framkvæmir lögreglan bakgrunnskoðanir og tryggir viðbragð vegna stuðnings við flugvernd.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Tengiliður 1: Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri Tengiliður 2: Sigurgeir Ómar Sigmundsson
--------------------------------	---

### Hlutverk Þjóðskrár Íslands

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að gefa út vegabréf fyrir íslenska ríkisborgara. Í því felst að reka umsóknarkerfi fyrir rafræn vegabréf, framleiðslukerfi til að framleiða rafræn vegabréf og reka skilríkjakerfi um þá sem hafa fengið útgefin vegabréf. Stofnuninni ber að tryggja að Íslensk vegabréf uppfylli alþjóðlegar kröfur ICAO um vegabréf.

Þjóðskrár Íslands	Tengiliður: Júlía Þorvaldsdóttir
-------------------	-------------------------------------

### Heilbrigðisyfirvöld:

Sóttvarnalæknir er lögum samkvæmt ábyrgur fyrir aðgerðum sem tengjast alþjóðaheilbrigðisreglugerð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar en markmið og gildissvið þessarar reglugerðar er að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma milli landa með lágmörkun á röskun á umferð og viðskiptum milli landa. Sóttvarnalæknir í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra er ábyrgur fyrir gerð viðbragðsáætlana vegna sjúkdóma í flugi og á flugvöllum sem ógnað geta almannaheill.

Embætti landlæknis	Tengiliður 1: Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir Tengiliður 2: Íris Marelsdóttir, verkefnastjóri viðbragðsáætlana
--------------------	---

### Matvælastofnun:

Hlutverk Matvælastofnunar hvað flugvirkt varðar er eftirfarandi:

- Að tryggja að reglum um flutning plantna og dýra sem flutt eru til og frá landinu sé fylgt og að þeim fylgi tilskilin vottorð frá lögbærum aðilum, þegar þess er krafist.
- Að hafa náíð samráð við alþjóðlegar stofnanir sem hafa með stjórn mála að gera, er varða matvæli, landbúnaðarvörur og dýr, í því skyni að fylgjast með framþróun og geta upplýst flugvirkarráð og aðra hagsmunaaðila um þætti sem hafa áhrif á almenningsflug.
- Að leiðbeina um aðferðir og efni til notkunar við þrif og sótthreinsun í tengslum við flutninga á plöntum, dýrum og dýraafurðum.
- Að segja fyrir um hvernig brugðist skuli við þegar hætta skapast af sjúkdómum dýra eða plantna. e) Að taka þátt í störfum flugvirkarráðs.

Matvælastofnun	Tengiliður: Þorvaldur H. Þórðarson framkvæmdastjóri markaðsstofu
----------------	--

### Hlutverk rekstraraðila flugvalla:

- Hlutverk Isavia ohf. er að sjá til þess að afgreiðsla loftfara, farþega, flugliða, farangurs, farms og pósts sé skjót og skilvirk. Við hönnun ferla við afgreiðslu skal tekið tillit til þarfa flugrekenda flugverndar, landamæraeftirlits, og annarra með það fyrir augum að hámarka afköst flugstöðvar og lágmarka tafir.
- Að tryggja innviði og aðstöðu fyrir afgreiðslu farþega, farangurs, farms og þjónustu við loftför. Leitast skal við að hönnun mannvirkja sé gerð með hliðsjón af kröfum reglugerðarinnar.
- Gerð handbókar fyrir starfsmenn um framkvæmd þjónustu.
- Að taka þátt í störfum flugvirkarráðs.

Isavia ohf.	Tengiliður: Sólveig Þorsteinsdóttir
-------------	--